

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 98/2014

098-2014i

frá 16. maí 2014

um breytingu á XV. viðauka (Ríkisaðstoð) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1407/2013 frá 18. desember 2013 um beitingu 107. og 108. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins gagnvart minniháttaraðstoð⁽¹⁾.
- 2) XV. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Texti liðar 1ea (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1998/2006) í XV. viðauka við EES-samninginn hljóði svo:

„– **32013 R 1407**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1407/2013 frá 18. desember 2013 um beitingu 107. og 108. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins gagnvart minniháttaraðstoð (Stjtið. ESB L 352, 24.12.2013, bls. 1).

Ákvæði reglugerðarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

- a) Eftirfarandi bætist við í 1. mgr. 1. gr.: „Reglugerðin skal ekki gilda um geira sem falla ekki undir 61. til 64. gr. EES-samningsins“,
- b) Í stað orðanna „1. mgr. 107. gr. sáttmálans“ komi orðin „1. mgr. 61. gr. EES-samningsins“,
- c) Í stað orðanna „3. mgr. 108. gr. EB-sáttmálans“ komi orðin „3. mgr. 1. gr. bókunar 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól“.

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (ESB) nr. 1407/2013, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 17. maí 2014, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi borist (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 16. maí 2014.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Gianluca Grippa

formaður.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 352, 24.12.2013, bls. 1.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.